

Aðalstjórnarfundur UMFT ásamt fulltrúum deilda félagsins

21. apríl 2008

Mætt á fundinn: Gunnar, Magnús, Elínborg, Kristjana, Viggó, Róbert, Halldór og Kristinn.

1. Elínborg gjaldkeri aðalstjórnar lagði fram og skýrði viðbótarskjal við ársreikning 2007 vegna skiptingar á styrk frá Sveitarfélaginu 2007 auk upplýsinga um lokauppgjör til deilda.
2. Umræður um skiptingu á styrk frá Kaupþingi og öðrum styrkjum sem aðalstjórn hefur milligöngu um. Gunnar Þór óskaði eftir tillögum frá formönnum deilda félagsins um með hvaða hætti eigi að skipta áður nefndum fjármunum á milli deilda.
3. Gunnar Þór tilkynnti að Sveitarfélagið Skagafjörður hafi gefið Ungmennafélaginu Tindastóli heimild til þess að fá afnot af bókhaldskerfi þess. Þannig gæti félagið samræmt bókhald og vistað á einum stað.
4. Rætt um æfingagjöld barna og unglinga með samræmingu í huga. Fulltrúar deilda UMFT voru beðir að íhuga með hvaða hætti þetta væri mögulegt. Einnig hvort hægt væri að koma inn með systkinaafslátt.

Að lokum var ákveðið að gott væri að aðalstjórn og fulltrúar deilda hittust fljótlega aftur og mun formaður boða fundinn.

Fleira ekki gert.

Kristjana Jónsdóttir, ritari.